



FÉLAG
HEYRNARLAUSRA

DEN ISLANDSKE
DØVEFORENING
THE ICELANDIC DEAF
ORGANIZATION

Klapparstig 28
101 Reykjavík
Ísland / Iceland
Sími / Tel.: 13560

Reykjavík 19. nóvember 1990

Alþingi

Erindi nr. 94/113

komudagur 30/11/1990

Menntamálanefnd
bt. Þorsteinn Magnússon, nefndarritari
Alþingisbúðinu v/Austurvöll,
101 Reykjavík

Efni: Samskiptamiástöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Við í Félagi heyrnarlausra viljum leyfa okkur að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um Samskiptamiástöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Niðurstöður okkar eru eftirfarandi líð eftir líð:

1. kafli

Markmið og gildissvið

1. gr. óbreytt

2. gr. Breyttist ef 3. gr. breyttist og við bætist Foreldra-og styrktarfélag heyrnardaufra, sem samstarfsaðili.

2. kafli

Stjórnun

3. gr. þröfnest breytingar. Ástæðan er sú að stofnun þessi á að fara með málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og tákna máls, því þykir okkur eðlilegt að helmingur nefndarmanna eða meirihluti er heyrnarlaus. Við viljum benda á að foreldra-og styrktarfélag heyrnardaufra verði samstarfsaðili í 2. gr. en hafi ekki fulltrúa í stjórn stöðvarinnar. Jafntfram viljum við að formaður stöðvarinnar verði heyrnarlaus. Með þeirri tilhögun er verið að gefa heyrnarlausum tækifæri og möguleika að ráða fram úr sínum málum sjálfir, þar sem ljóst er að í mörg ár hafa heyrandi öfl ræðið yfir heyrnarlausum og tekið ákvarðanir fyrir þá. Þessu viðhorfi viljum við breyta.

Breytingin gæti orðið þannig að Félag heyrnarlausra fái 2 fulltrúa.

AÐILD AÐ:

NORÐURLANDARÁÐ HEYRNARLAUSRA (DNR)

ALHEIMSSAMBAND HEYRNARLAUSRA (WFD)

4. gr. óbreytt
5. gr. óbreytt
6. gr. óbreytt

Allt annað verður óbreytt.

Við vonumst til að mál okkar mæti skilningi frá hendi menntamálanefndar Alþingis.

Virðingarfyllt

Haukur Vilhjálmsson

Haukur Vilhjálmsson
Frákvæðarstjóri

S. Margrét Sigurðardóttir

S. Margrét Sigurðardóttir
Félagsmálafulltrúi

Fylgirit: Yfirlýsing 200 fagmanna frá 21 landi um táknmál, umfang þess, og viðurkenningu á táknmáli sem móturmáli heyrnarlausra.

Þriðja Evrópuráðstefnan um rannsóknir á táknmál var haldin í Hamburg 26. - 29. júlí 1989. Fyrir þessari alþjóðlegu málvísindaráðstefnu stóð International Sign Linguistics Association (ISLA) og hana sóttu um það bil 200 fagmenn frá 21 landi.

Í lok ráðstefnunnar samþykktu þátttakendur einum rómi að táknmál væru fullgild mál og hefðu sama rétt og önnur mál. Þeir kröfðust þess mjög ákveðið að samfélagið viðurkendi táknmál.

Í framhaldi af þessu var eftirfarandi yfirlýsing samhljóða samþykkt.

Yfirlýsing um viðurkenningu á þjóðartáknmálum heyrnarlaustra

Fordómar og viðhorf til táknmáls sem eiga sér rætur í hugmyndafræði um: uppeidi og kennsiu hafa haft mikil áhrif á líf og aðstæður heyrnarlaustra og möguleika þeirra til þroska. Vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem neikvæður skilningur á táknmáli hefur á líf heyrnarlaustra lítum við á það sem skyldu okkar að fara út fyrir ramma vísindarannsókna og vekja athygli almennings, með þessari yfirlýsingu, á félagslegum og pólitískum atferðingum rannsókna okkar.

Fyrri hugmyndir um táknmál.

Í Milanó árið 1980 gerðu heyrandi þátttakendur á ráðstefnunni samþykkt sem bannaði notkun táknmáls og það var gert brottrækt úr heyrnleysingjaskólunum. Ekki var lengur litið á táknmál sem mál heyrnarlaustra heldur talið, þegar best lét, að það væri nothæft fyrir einföld samekpti. Her væri um blöndu af einföldu látbragði og frumstæðum bendingum að ræða sem höfðu ekki burði til þess að flytja hugtök og flóknar hugmyndir. Tjáningarform sem tengdara var óæðri tegundum.

Nýjar rannsóknir á táknmáli.

A undanförunum árum hefur orðið bylting í viðhorfum til táknmáls. Vísindarannsóknir á mörgum þjóðartáknmálum síðastliðin 30 ár hafa leitt í ljós að táknmál eru fullkomin, faguð og flókin málkerfi jafngild töluðum málum bæði hvað varðar notkun og uppbyggingu. Þessar rannsóknir hafa sýnt að málfræði táknmáls er flókin og það hefur mikinn orðaförða. Málvísindamenn hafa lýst grunngerð, reglum og notkun þessara mála.

***Að þjóðþing viðurkenni táknmál og viðurkenni heyrnarlausna sem málminnihlutahóp í samræmi við samþykkt sem gerð var á Þingi Evrópuráðsins 17.júní 1988.**
Þessi samþykkt verði raungerð með viðeigandi lagasetningu og stjórnunaraðgerðum.

***Túlkapjónusta og allur kostnaður af menntun túlka verði greiddur af almanna fé.** Hætt verði að mismuna heyrnarlausum í sambandi við menntun og möguleika til þess að fá starfsþjálfun. Séð verði fyrir nógu mörgum hæfum túlkum þannig að heyrnarlausir eigi möguleika á að fara í háskólanám og fá aðra starfsmenntun.
Aukin verði notkun túlka í opinberum stofnunum og í sjónvarpi.

***Styðja uppbyggingu táknmálsumhverfis fyrir heyrnarlausna ungabarnið og heyrnarlaus smábörn,** byrja strax og heyrnarleysisins vetur fyrst vart, með því að styðja fjölskyldu barnsins til táknmálsnáms og einnig aðra sem barnið umgengst (leikfélaga, dagm, barnah, leiksk). Gera mögulegt stöðugt samband við táknmálssamfélagið og útbúa efni á táknmáli fyrir þennan aldurshóp.

***Aðfararnám að tvítyngdri námsskrá í menningar- og menntastofnunum fyrir heyrnarlausna.** Markmiðið með því er að skapa nauðeynlegar forsendur þess að hægt sé að hefja kennslu eftir tvítyngdri námsskrá (ss þjálfun hæfra heyrnleysingjakennara og annarra kennara; áframhaldandi þjálfun þess starfsfólks sem vinnur með heyrnarlausum; gerð námsefnis sem hæfir þessum markmiðum.)

***Stuðningur við ýmsa menningarstarfsemi heyrnarlausra með stuðningi við táknmálsnámskeið og þróun réttra kennsluaðferða; aðgang að sjónrænum miðlum; framleiðsla sjónvarpsþátta af og fyrir heyrnarlausna.**

***Stuðningur við áframhaldandi rannsóknir bæði fræðilegar og hagnýtar til þess að ná þessum markmiðum.**